I mitt föredrag rapporterar jag resultat från en studie där 92 färöisktalande översatt meningar i kontext från danska till färöiska, däribland satsflötur och andra satser med spetsställning. Deltagarna använde mycket sällan spetsställning ur relativsats i översättningarna. Istället tillgreps andra formuleringar: Antingen lämnades det led som på danska spetsstälts in situ, eller också användes olika omskrivningar. I de få fall då spetsställning ur relativsats

producerades var det framföralit i existentiella kontexter. Spetsstállning ur *at*-sats översattes däremot ofta med meningar med spetsstállning. Detsamma gäller meningar med spetsstállning inom samma sats. Sammantaget tyder resultatén på att satsfläta med relativsats inte heller i sådana kontexter där det accepteras i de fastlandsskandinaviska språken är acceptabelt i färöiskan.

Referenser

- Allwood, Jens. 1976. The Complex NP Constraint as a non-universal rule and some semantic factors influencing the acceptability of Swedish sentences which violate the CNPC. I Stillings (red.), *UMOP 2*. Amherst, MA: University of Massachusetts, 1–20.
- Christensen, Kirsti Koch 1982. On Multiple Filler-Gap Constructions in Norwegian. I Engdahl & Ejerhed (red.) *Readings on Unbounded Dependencies in Scandinavian Languages*. Stockholm: Almqvist & Wiksell, 77–98.
- Engdahl, Elisabet. 1997. Relative Clause Extractions in Context. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 60:51–79.
- Erteschik-Shir, Nomi 1973. *On the Nature of Island Constraints*. Doktorsavhandling. Massachusetts Institute of Technology, Cambridge, MA.
- Lindahl, Filippa. 2017. *Extraction from relative clauses in Swedish*. Doktorsavhandling. Institutionen för svenska språket, Göteborgs universitet.
- Thráinsson, Höskuldur, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen, Zakaris Svabo Hansen 2004. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. Tórshavn: Føroya Fróðskaparfelag.
- Zaenen, Annie 1995. *Extraction Rules in Icelandic*. New York: Garland.

Sambúð norrænu eyjamálanna og ensku á tímum snjalltækja og alþjóðavæðingar Sigríður Sigurjónsdóttir

Miklar samfélags- og tæknibreytingar hafa haft áhrif á málumhverfi Íslendinga og Færeyinga undanfarinn áratug og valdið aukinni enskunotkun í löndunum tveimur. Meðal helstu ástæðna þessa eru: alþjóðavæðingin, fjölgun erlendra ferðamanna, snjalltækjabyltingin og tilkoma talstýrðra tækja. Þessar breytingar hafa leitt til þess að enskt málareiti á Íslandi í dag er meira og víðtækara en nokkru sinni fyrr og staða íslenskunnar hefur veikt í kjölfarið.

Rannsóknasjóður Íslands veitti á vormánuðum 2016 þriggja ára öndvegisstyrk til verkefnisins Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis, sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson stýra. Í þessum fyrirllestri verða kynnt helstu markmið verkefnisins og gefið yfirlit yfir niðurstöður sem nú þegar liggja fyrir. Meginmarkmið verkefnisins er að rannsaka áhrif stafrænna miðla og snjalltækja, sem gjarnan bjóða upp á gagnvirk samskipti við notendur á ensku, á málumhverfi, viðhorf, málnotkun og málkunnáttu Íslendinga. Reynt er að komast að því hversu mikið málareiti málnotendur fá, bæði á íslensku og ensku, orðaforði og framburður þátttakenda á báðum málum er kannaður og þeir beðnir um að dæma margvíslegar setningar, bæði á íslensku og ensku. Með þessu er skoðað hvort aukið enskt málareiti í íslensku málsamfélagi á undanförunum árum hafi haft áhrif stöðu íslenskunnar og nú þegar valdið breytingum á notkun hennar og gerð.

Þessi atriði voru könnuð með viðamikilli netkönnun sem send var til lagskipts handahófsúrtaks 5.000 Íslendinga á aldrinum 3–98 ára (svarhlutfall: 41%–50% eftir aldurshópum). Einnig voru tekin viðtöl og sérstök próf lögð fyrir 230 manna sérvalið úrtak úr fyrrnefnda hópnum. Þær niðurstöður sem liggja fyrir benda til þess að verulegur munur sé eftir aldri þátttakenda hvað varðar flesta þá meginþætti sem kannaðir voru. Sem dæmi má nefna að niðurstöður sýna að íslensk börn í dag heyra mikið af talaðri ensku og samanburður við eldri kannanir bendir til að virk enskunotkun þeirra hafi aukist. Einnig eru vísbendingar í gögnunum um að þeir þátttakendur, sem hafa mikla ensku í málumhverfi sínu og nota hana mikið, séu líklegri til að tala ensku án íslensks hreims, samþykkja nýjungar í málfræði

sem ekki samræmast málhefð, t.d. í notkun framsöguháttar og viðtengingarháttar, og hafi neikvæðari viðhorf til íslensku.

Í lok fyrirlestrarins verður gerð grein fyrir niðurstöðum stuttrar könnunar sem lögð var fyrir 30 Færeyinga í febrúar 2019. Könnunin byggðist á hluta netkönnunar íslenska öndvegisverkefnisins og spurt var út í færeysku, dönsku og ensku í málumhverfi þátttakenda, auk þess sem viðhorf þeirra til málanna þriggja var kannað. Leitast verður við að bera niðurstöðurnar um íslensku og færeysku saman.

Umröðun í tveggja andlaga sögnum

(Bolli Magnússon & Einar Freyr Sigurðsson &) Jóhannes Gísli Jónsson

Í íslensku eru fjölmargar sagnir sem taka með sér tvö andlög. Um röð andlaganna gildir sú meginregla að óbeina andlagið kemur á undan því beina, sbr. (1a). Umröðun er þó ekki útilokuð, þ.e. að beina andlagið komi á undan því óbeina, sbr. (1b). Hins vegar er ekki hægt að tákna óbeina andlagið með forsetningarlið á eftir beina andlaginu, a.m.k. með sögnum eins og gefa, sbr. (1c). (Hér tákna NL nafnlið og FL tákna forsetningarlið.)

(1a) Ég gaf Hjálmari bókina (NL-NL)

(1b) ?Ég gaf bókina Hjálmari (umröðun: NL-NL)

(1c) *Ég gaf bókina til Hjálmars (NL-FL)

Í færeysku er hin venjulega röð andlaganna sú sama og í íslensku en umröðun er útilokuð (sjá Höskuld Þráinsson o.fl. 2004). Hins vegar er mögulegt, a.m.k. fyrir suma málnotendur, að tákna óbeina andlagið með forsetningarlið (Fiebig 2012):

(2a) Eg gav Hjálmari bókina (NL-NL)

(2b) *Eg gav bókina Hjálmari (umröðun: NL-NL)

(2c) ?Eg gav bókina til Hjalmar (NL-FL)

Þetta vekur óhjákvæmilega ýmsar spurningar um samanburð íslensku og færeysku en í þessum fyrirlestri verður sjónum þó einkum beint að nýlegri könnun á umröðun andlaga í íslensku eins og hún birtist í Risamálheildinni (sjá <http://malheildir.arnastofnun.is>). Þessi könnun leiðir í ljós að umröðun kemur helst fyrir þegar beina andlagið er hljóðkerfislega léttara en óbeina andlagið, einkum þó ef beina andlagið er áherslulaust fornafn (sbr. Hann gaf það Akureyrarbæ). Könnunin leiðir einnig í ljós að talsverður munur er á sögnum. Til dæmis er umröðun hlutfallslega mun algengari með sögnunum afhenda (fær. handa) og tilkynna (fær. kunngera) en gefa (fær. geva) og segja (fær. siga, boða frá). Í fyrirlestrinum verður einnig fjallað um það að hve miklu leyti þær hömlur sem gilda um umröðun andlaga í íslensku eiga við um formgerðina NL-FL í færeysku.

Sögnin fjarlægjast með þágufallsandlagi

Margrét Jónsdóttir

Úr sögu málsins eru dæmi um að sögnin fjarlægjast taki með sér andlag í þágu-falli (í stað hins venjulega þolfalls). Um þágufallsandlagið og ýmislegt sem því tengist verður fjallað í fyrirlestrinum.

Sögnin fjarlægjast tjáir fjarlægð/nálægð á milli frumlags og andlags. Frumlagið er ekki gerandi heldur fremur reynandi. Andlagið er kyrrstætt og alveg óháð athöfnun frumlagsins sem hreyfist. Sem áhrifssögn tekur sögnin með sér þolfall; svo hefur alla tíð verið. Hún getur líka verið áhrifslaus.

FRÆNDAFUNDUR 10 - ÚRTØK

- (1) a. Maðurinn fjarlægðist fjölskyldu sína.
- b. Stjórnin fjarlægðist markmið sín.
- c. Bíllinn fjarlægðist smátt og smátt og hvarf loks.

Eins og áður sagði getur fjarlægjast tekið með sér þágufallsandlag. Dæmi:

- (2) a.... hann ...hefir fjarlægzt vorum guði... (1646)
- b.... því völd og virðing fylgjast mjög að, og konungur vill sem mest fjarlægjast kotungnum... (1856)
- c.... ég varð hjartanlega feginn að fjarlægjast þessum mínum mótstöðumanni. (lok 18. aldar)
- d. Steina systir fjarlægðist mér líka um þessar mundir ... (21. öld)

Dæmin (2) um þágufallsandlagið vekja þá spurningu hvort elstu dæmin um þágufallið séu gömul leif. Því er erfitt að svara. Þau (og önnur svipuð dæmi) benda hins vegar til þess að þágufallið sé hér merkingarlega skil-yrt: vísað er til tengsla af einhverjum toga: gagnvart guði, þegnum, and-stæðingum, fjölskyldu. Þágufallið virðist því hafa sömu stöðu og óbeint andlag:

- (3) X fjarlægist e-m/e-u = X fjarlægir sig e-m/e-u

Fleiri dæmi um þágufall má finna. Lítum hér á fjögur:

- (4) a.... fjarlægðist Júlíana því, sem áður var svo þýðingarmikið að leita uppi fyrirmynd. (1947)
- b.... og ferðalok Jónasar fjarlægjast hugum ungra Íslendinga. (1960)
- c.... staðsetning fangelsisins fjarlægist höfuðborgarsvæðinu. (2011)
- d. Útlitið versnar ... fyrir Arsenal sem fjarlægist Meistara-deildar-sætunum. (2017)

Í dæmunum má sjá að margt er hægt að fjarlægjast og merkingarleg skilyrðing engin. Þar eru dæmi c og d kannski bestu fulltrúarnir. Ástæðan er langlíklegast sú að þarna fylgja sagnirnar fjölmörgum öðrum sögnum sem nú um stundir hneigjast til andlagsþágufalls í stað þolfalls.

Dæmi er um að sögnin fjarlægjast geti verið skiptisögn, sé tvíátta (e. bidirectional causal structure). Þetta þýðir að báðir rök-liðir hennar geta verið hvort sem er frumlag eða andlag. Annar rökliðurinn er þá persóna sem verður fyrir því að það sem fjarlægist er í hennar óþágu/þágu. Sögnin fjarlægjast er í orðmyndunarsvæðum við lýsingarorðið fjar-lægur. Allt virðist benda til lýsingarorðið geti sömuleiðis verið tvíátta.

Í fyrirlestrinum koma við sögu sagnirnar nálægjast og nálgast, andheiti fjarlægjast, enda mörg dæmi (sum eldri) sem sýna sömu hegðan og fjarlægjast. Sögnin nálægjast er lítið notuð í íslensku, nálgast kemur í staðinn. Sú sögn á sér merkingarlega (og orðsifjalega) frænku í færeysku, sögnina nærkast. Hún er ein þeirra færeysku sagna sem enn tekur með sér þágufalls-andlag: hann nærkaðist bygdini (sprotin.fo).

Heimildir

- Heimir Freyr Viðarsson. 2009. Tilbrigði í fallmörkun aukafallsfrumlaga. Þágufallshneigð í forníslensku? Íslenskt mál 31:15–66.
- Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012. Faroese. An Overview and Reference Grammar. 2. útg.
- Jóhanna Barðdal. 2001. Case in Icelandic – A Synchronic, Diachronic and Comparative Approach.
- Jóhanna Barðdal. 201. Lexical vs. structural case. Morphology 21:619–654.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Í: Höskuldur Þráinsson. Setningar, bls. 350–409.

Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. Verb classes and dative objects in Insular Scandinavian. Í: The Role of Semantic, Pragmatic and Discourse Factors in the Development of Case, bls. 203–224.

Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with dative objects in Icelandic. Íslenskt mál 24:31–105. arnastofnun.is, onpdata.nfi.sc.ku.dk, risamalheildir.arnastofnun.is, sprotin.fo, timarit.is

Hjáorðaleksikalisering í føroyskum

Hjalmar P Petersen

Í føroyskum er stakorðamyndan (univerbatióin) av heildum sum *onkran stað* til *onkrastað*- við *n*-burturfalli í *onkran*. Í hesum føri er hjáorðaeftirfestið *-ni* sett afturat, soleiðis at úrslitið verður eitt hjáorð *onkrastaðni*. Í fyrilestrinum verður víst, hvussu vit hava leksikalisering av magnarum + *stað* (*allastaðni*, *onkrastaðni*, *summastaðni*, *allatíðina*, *onkutíðina*, *allasteðs*, *allastaðnani*...); av hjáorði + hjáorði (*her* + *beint*), ið kann blíva til *herbeintna(r)*. Eisini verður leksikalisering av *-leiðis* viðgjörd, sbr. *soleiðis*. Vístur verður munurin ímillum grammatikalising og leksikalisering, og víst verður, at henda seinna, eftirsum tað er leksikalisering, sum er evnið í fyrilestrinum, hendir stigvís, L1, L2 og L3, har tað ultimativa úrslitið, L3, er eitt óíggjøgnumskygd orð eins og *eisini* (< *eins veg(in)*) og *kortini* (< *hvárt sem er*). Summir formar hava øll stigini í nútíðarføroyskum sum L1 (*soleiðis*), L2 (*soleiðisni*) og L3 *soeis/soís* (talamálsformar). Eisini verður víst á, at leksikalisering ikki resulterar í produktivum mynstrum. Greitt verður frá uppruninum til tey eftirfestini, sum verða brúkt. Talan er um *-ni* í *korti-ni*, *allastað-ni*, ið er dømi við eksaptatióin; *-na* í *allastaðna*, ið er upprunaliga ein bendingarending (*allatíðina*), umframt at víst verður á eftirfestið *-nani*, ið er samanrenning av báðum, og er formurin helst avmarkaður til Suðuroynna.

Tilfarið til fyrilesturin er frá FADAC korpuserinum í Hamburg, Føroyskum Talumálsbanka (FTB), seðlasavninum á FMD, og orðabókum.

Nakrar tilvísingar:

Antilla, Raimo. 1989. *Historical and Comparative Linguistics*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

Bauer, Laurie. 1983. *English Word-Formation*. Cambridge: Cambridge University Press.

Booij, Gert. 2007. *The Grammar of Words* (2. ed.). *An Introduction to Morphology*. Oxford: Oxford University Press.

Brinton, Laurel J. & Elisabeth Traugott Closs. 2005. *Lexicalization and Language Change*. Cambridge: Cambridge University Press.

Brinton, Laurel J. 2012. The ghost of old morphology: Lexicalization or (de)grammaticalization? Í Kristin Davidsen, Tine Breban, Liselotte Brems & Tanja Mortelmans (ritstj.): *Grammaticalization and Language Change. New Reflections*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

Butt, Miriam. 2006. *Theories of Case*. Cambridge: Cambridge University Press.

Fritznér, Johan. 1896. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Oslo: Tryggve Juul Møller Forlag.

Hammershaimb, Venceslaus U. 1854. *Færøisk Sproglære*. D. Quist Bog- og Nodetrykkeri.

Hancil, Sylvie, Tine Breban & José Vicente Lozano. 2018. *New Trends in Grammaticalization and Language Change*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

Himmelman, Nikolaus P. 2004. Lexicalization and grammaticalization: Opposite or orthogonal? Í Walter Bisang, Nikolaus P. Himmelman & Björn Wiemer (ritstj.): *What Makes Grammaticalization - A Look from its Components and its Fringes*. Berlin: Mouton de Gruyter.

Hopper, Paul & Elisabeth Closs Traugott. 2003. *Grammaticalization*, 2nd edn. Cambridge: Cambridge University Press.

Kvaran, Gurðrún. 1990/1991. Um *-is* endingu atviksorða. *Íslenskt mál* 12/13: 7-34.

Lehmann, Christian. 2002. New reflections on grammaticalization and lexicalization. Í Ilse Wischer & Gabriele Diewald (ritstj.): *New Reflections on Grammaticalization*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

Matras, Christian. 1951-1953. *J.H. Schrøters Optegnelser af Sjørðar Kvæði*. København: Munksgaard.

Traugott Closs, Elisabeth & Graeme Trousdale. 2013. *Constructionalization and Constructional Changes*. Oxford University Press: Oxford.

Weyhe, Eivind. 2011. *Hentzasavn. Kvæðasavnið hjá Jóhanni í Króki frá 1819*. Tórshavn: Fróðskapur.

Weyhe, Eivind. 2018. Eisini, hissini og kortini. (handrit; Fróðskaparrit).

Íslenskar og færeyskar mýs og önnur kvikindi Um fleirtölu í íslensku og færeysku barnamáli

Sigríður Magnúsdóttir & Victoria Absalonsen & Høskuldur Þráinsson

Þegar börn tileinka sér móðurmál sitt læra þau meðal annars fleirtölu nafnorða. Í því felst tvennt (sjá t.d. Berko 1958, Áslaugu J. Marinósdóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur 1980). Þau læra fleirtölu þekktra orða, bæði þeirra sem mynda fleirtölu á reglulegan hátt (t.d. koddi, ft. koddar) og þeirra sem hafa óreglulega eða óvænta fleirtölu (t.d. mús, ft. mýs). Í öðru lagi læra þau þær almennu reglur sem gilda í málinu um myndun fleirtölu. Þegar þau hafa gert það „vita“ þau t.d. dæmis að óþekkt orð eins og kíma (kvk.) hlýtur að vera kímur í fleirtölu. Rannsóknir á íslensku barnamáli sýna að fjögurra ára börn hafa lært fleirtölu margra þekktra nafnorða en hafa yfirleitt ekki náð góðum tókum á því að mynda fleirtölu af óþekktum nafnorðum. Sex ára börn eru komin lengra á veg í þessu (sjá t.d. Indriða Gíslason o.fl. 1986, Höskuldur Þráinsson og Sigríði Magnúsdóttur 2019). – Í þessum fyrirlestri er myndun fleirtölu í máli færeyskra fjögurra og sex ára barna skoðuð til samanburðar. Þar er notuð færeysk gerð af prófi Höskuldur og Sigríðar. Samanburðurinn er forvitnilegur, m.a. vegna þess að í sumum tilvikum eru meiri tilbrigði í fleirtölu færeyskra nafnorða en íslenskra (t.d. ísl. eyra – eyru, fær. oyra – oyru/oyrur) og ýmsar hljóðreglur sem koma fyrir í eintölu og fleirtölu hegða sér ekki eins í málunum tveim (sbr. saga – sögur, søga – søgur). Auk þess er ekki alls staðar gerður greinarmunur á fleirtöluendingunum -ir og -ur í færeysku. Þetta gæti haft áhrif á það hvernig börnin tileinka sér fleirtölureglurnar.

Heimildir

Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. 1980. Athugun á fleirtölu í barnamáli. *Mímir* 28:29–45.

Berko, Jean. 1958. The child's learning of English morphology. *Word* 14:150–177.

Höskuldur Þráinsson og Sigríður Magnúsdóttir. 2019. Hvað gerist þegar ein darga fjölgar sér í Vesturheimi? Fyrirlestur á Hugvísindapíngi Háskóla Íslands 9. mars.

Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. 1986. Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Put you car mark a chicken? (Why can't you mark a chicken?)

- Chicken, goat, and tree marking on Pitcairn Island

Joshua Nash

This presentation documents the provenance and evolution of goat, chicken, and tree marks as linguistic, archaeological, and sociological phenomena on Pitcairn Island (South Pacific), a small five-square-kilometer island famous for its contemporary history derived from a notorious yet famous maritime event, the mutiny on the *Bounty*, which took place in 1789 in what is now Polynesia. It describes the processes and utility of these markings as systems of communication and representation and how marks are passed down, inherited, and changed within and across families. The linguistic, anthropological, and archaeological circumstances of relationships involving markings, placenames, spoken expressions and idioms, and personal names are outlined.

This research continues a pan-Nordic research enterprise involving scholars and scholarship from Denmark, Iceland, and Greenland begun in Aarhus in 2018, which explores the uniqueness of and similarities between small island languages and cultures.

Cognitive (re)organisation of frequent and entrenched paradigmatic relations in Insular Nordic

Jón Símon Markússon

Entrenchment can be defined as the impact on memory of constant (re)organisation of the mental linguistic system over the language user's lifetime (e.g. Schmid 2017). The mechanism for this process is frequency of use, i.e. the more frequently a linguistic item occurs through usage, the deeper entrenched it becomes (Bybee 2010). The operative phrase here is "linguistic item". De Smet (2017) has pointed out that while the entrenchment of individual linguistic items is widely recognised as a cognitive reality, more controversial is the issue of the entrenchment of paradigmatic relations such as those instantiated by the majority of masculine nouns in Icelandic, cf. Ice. Npl. hestar~ Apl. hesta 'horses' and Npl. gestir~ Apl. gesti 'guests'.

In this paper, the historical development of these relations in Insular Nordic (Icelandic and Faroese) will be traced and change treated as evidence of what goes on inside language users' heads (e.g. Fertig 2013). The wholesale movement of masculine forms between classes, e.g. IN Npl. dalar~ Apl. dala --> Npl. dalir~ Apl. dali 'valleys', and the absence of any noun that inflected either IN *Npl. -ar~ Apl. -i or *Npl. -ir~ Apl. -a, is testament to the deep entrenchment of the relevant paradigmatic relations as single units in memory. The schematic representation of the entrenched relations can be depicted as Npl. Xar~ Apl. Xa, on the one hand, and Npl. Xir~ Apl. Xi, on the other.

Insular Nordic language history suggests that these paradigmatic relations survived in Faroese until at least the late 19th century, when both patterns were levelled, most commonly in favour of the nominative plural form (Þráinsson et al. 2012). The question thus arises: Why were the relations levelled if they were so deeply entrenched? Indeed, they remain intact in Modern Icelandic. It will be argued that the establishment and application of a "kind of" rule of referral, by which one form is referred to that of another within the same paradigm (e.g. Hansson 2007), was facilitated by a conjunction of the near syncretism between the nominative and accusative plural forms in question and the high type frequency of (full) syncretism between the relevant forms in all other noun classes in Insular Nordic.

Føroyskt málbrúk um veður og veðurfyrbrigdi

Zakaris Svabo Hansen

Fyrilesturin setur sær fyri at lýsa og kanna føroysk veðurorð og føroyskt veðurorðafar. Hugt verður m.a. eftir, um tað sigur nakað um fatan føroyingar av náttúruni og náttúrufyrbrigdum og hvat kann lesast burtur úr tí tilfari, sum verður brúkt til at seta orð á hesi fyrbrigdi. Viðgjörd verða eisini setningafrøðilig fyrbrigdi í sambandi við veðursagnorð eins og viðra, kava, regna o.o. og møguligar broytingar í tí sambandi. Í ávísan mun verður eisini roynt at bera saman við íslensk veðurorð og orðalag um veður og veðurfyrbrigdi.

Orðið fólk í íslensku og færeysku

Guðrún Þórhallsdóttir

Eins og alkunna er er íslenska nafnorðið *fólk* eintöluorð; það er einungis notað í eintölu, sbr. *Allt fólknið er komið*, en ekki í fleirtölu, t.d. **Öll fólkini eru komin*. Orðið *fólk* telst einnig safnheiti, (eintölu)orð um magn eða fjölda af einhverju, og í handbókum er það oft sýnt sem dæmi um safnheiti innan um orð á borð við *fé*, *sandur* og *mergð*. Mörg eintöluorð eru orð um óteljanleg fyrirbæri, t.d. *kopar* og *ástúð*, og lítil þörf á að eiga fleirtölumynd. Orðið *fólk* á hins vegar við safn af einstaklingum og er stundum notað um hópa þar sem fjöldi einstaklinganna er þekktur. Því

FRÆNDAFUNDUR 10 - ÚRTØK

getur orðið eins konar árekstur eintöluorðsins *fólk* sem safnheitis og þeirrar merkingar sem mælandinn vill koma til skila. Í færeysku hefur það mál verið leyst með því að gefa orðinu *fólk* fleirtölu og nota það með töluorðum, t.d. *eitt fólk, tvey fólk, trý fólk*, og öðrum ákvæðisorðum í fleirtölu, sbr. *Øll fólkini eru komin*.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um merkingu og notkun orðsins *fólk* í fornorrænu og á síðari öldum og þá verða íslenska og færeyska bornar saman. Sérstaklega verður vakin athygli á nýlegum íslenskum dæmum um setningar þar sem orðið *fólk* (eða samsett orð með *-fólk* sem síðari lið) er notað á óvenjulegan hátt. Meðal annars verða slíkar setningar til þegar orðið *fólk* er sett í stað orðsins *maður* í þeim tilgangi að gera textann kynhlutlausari, t.d. með því að breyta *starfsmenn* í *starfsfólk*. Loks verður rætt hvort fram séu komnar vísbendingar um að notkun orðsins *fólk* í íslensku sé að færast í átt að færeysku, þ.e. að *fólk* verði notað í fleirtölu ekki síður en eintölu.

Kennaranám á Íslandi:

Áhrif efnahagssveiflna og ferðamennsku á fjölda kennaranema

Amalía Björnsdóttir

Minnkandi aðsókn í kennaranám og skortur á kennurum er áhyggjuefni á Íslandi. Nú þegar er skortur bæði á grunn- og leikskólakennurum og óttast margir að fjöldi útskrifaðra grunnskólakennara haldi ekki í við fjöldann sem hættir í starfi. Fyrir um 25 árum var farið að bjóða upp á fjarnám til að fjölga réttindakennurum en hlutfall fólks sem sinnti kennslu án tilskilinna réttinda hafði verið hátt, einkum á landsbyggðinni. Talsverð aukning varð á réttindakennurum í kjölfarið og einnig varð efnahagshrunið 2008 til þess að kennarar sneru aftur til starfa í grunnskólum. Nú er meira en helmingur kennaranema við Háskóla Íslands í fjarnámi.

Aukning í fjölda ferðamanna eftir efnahagshrunið var síðan aftur til þess að kennara snéru til annarra starfa og enn jók á vandann að kennaranám var lengt úr 3 árum í 5 ár. Brottfall úr kennaranámi og hæg námsframvinda veldur einnig áhyggjum. Nú hefur verið hrundið af stað aðgerðum á vegum stjórnvalda til að fjölga útskrifuðum kennaranemum. Boðið verður upp á launað starfsnám og sérstök peningagreiðsla verður til þeirra sem ljúka meistaraaritgerð og útskrifast sem kennarar. Á þessari stundu er ekki ljóst hvaða árangri þessar aðgerðir skila en einnig er mikilvægt að laða í kennaranám fjölbreyttan hóp nema með ólíkan bakgrunn.

Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður úr könnunum sem gerðar voru meðal kennaranema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Niðurstöður sýna að nemar vinna mikið með námi en auðvelt er að fá vinnu á þeim uppgangstímum sem verið hafa á Íslandi síðustu árin. Þessi mikla vinna kemur síðan niður á námsframvindu. Einnig benda niðurstöður til að bakgrunnur nema í fjarnámi sé nokkuð annar en nema í staðnámi. Fjarnemar eiga síður móður með háskólamenntun en staðnemar og þeir eru einnig eldri og hafa oft talsverða reynslu af vinnu í skólum. Þeir eru það sem stundum er kallað óhefðbundnir nemar sem þurfa að gegna mörgum hlutverkum. Fjallað verður um mikilvægi þess að laða þennan hóp í kennaranám og styðja hann til að ljúka námi því þetta er hópur sem er líklegt að muni vilja vinna í skólum og ekki hætta um leið og einhver önnur störf bjóðast.

Tríbeinta javnvágin í tríggar öldir

Erla Olsen

Læraraútbúgvingar mugu fyrihalda seg til fleiri tríbeintar javnvágin, sum hava havt skiftandi týðning í skiftandi tíðum. Her kunnu verða nevnd fyrirbrigdi sum heim, skúli og samfelag umframta tað stöðuga kjakið um fokusøkini fak, fakdidaktikkur og almenndidaktikkur. Ofta verður sagt, at tað er torført at broyta skúlan, og tó er skúlin í dag ekki tann sami, sum tá vit gingu í skúla. Í hesi framløgu verður hugt eftir, hvørji viðurskifti gera, at skúlin broytist, og serliga verður hugt eftir, hvussu tríbeinta javnvágin millum samfelag, skúla og læraraútbúgving hefur verið, og um

læraraútbúgvingarnar hava verið stýrandi fyri broytingar í skúlanum, ella um tær hava lagað seg til broytingar sum longu eru farnar fram. Samanberandi dátur frá føroyskum og íslenskum næmingum og lærarum um hugburð til skúlaviðurskifti verða eisini lögð fram.

Søgan á staðnum og talgild søgufrásøgn

Vár í Ólavsstovu

Talgild námsfrøði og talgildir førleikar, sum eru partur av lesfæriførleikunum í 21. aldar skúlanum, seta eisini krøv til útbúgving av komandi námsfrøðingum og lærarum. Staðfestast má, at skulu komandi lærarar og námsfrøðingar megna at nýta tøkni sum part av uppaling og frálæru, mugu teir fáa innlit og kunnleika um brúk av tøkni sum námsfrøðiligt amboð í útbúgvingini.

Á føroysklinjuni hjá læraralesandi hava tey lesandi seinastu árin serliga brúkt tøkni í lærufrøðiligum evnum og uppgávum. Í hesum uppgávum hava mentan, søgan á staðnum og talgild søgufrásøgn verið knýtt saman. Námsfrøðingar hava í sambandi við málmennig og mentan havt eina royndarverkætlan við tøkni sum didaktiskum amboð til málmennig við støði í mentanarberandi tekstum. Her varð eisini talgild søgufrásøgn nýtt. At knýta søgur á staðnum at mentan og uppruna hevur nógv í felag við munnligar mentir, sum eru eyðkendar av, at bæði frásøgufrólkið og áhoyrarin eru virkin. Á mangan hátt hava fornsøgur og munnligar mentir tað í felag við talgilda frásøgu, at tær hava somu hugdýpandi ávirkan á luttakararnar. Carolyn Handler Miller vil vera við, at: “[...] the type of myth known as the hero’s journey has served as a direct model for works of digital storytelling” (Miller 2014: 17).

Jerome Bruner vísir á, at undirvísing er ein serlig skipan, sum hjálpir uppvaksandi ættarliðinum at finna sín samleika í mentanini á staðnum. Hann vísir á, at uttan kjølfesti í mentanini: “[...] they stumble in their effort after meaning. It is only in the narrative mode that one can construct an identity and find a place in one’s culture” (Bruner 1996: 42).

Í framløguni verður hugt at tveimum smáum verkætlanum, har lesandi á linjulestrinum í føroyskum gjørdu undirvísingarfilm við støði í sagnum á Sandi og námsfrøðilesandi skaptu talgildar frásøgur við støði í evnum “málmennig og mentan”. At knýta søguna á staðnum saman við gerandisdag næminganna setur sambært Bruner undirvísing: “[...] in the intersect between nature of mind and nature of culture” (Bruner 1996: 13).

Bruner leggur aftrat, at: “Reality construction is the product of meaning making shaped by traditions and by a culture’s toolkit of ways of thought. In this sense, education must be conceived as aiding young humans in learning to use the tools of meaning making and reality constructions, to better adapt to the world in which they find themselves and to help in the process of changing it as required” (Bruner 1996: 20).

Tey lesandi fingi í hesum verkætlanum innlit í talgilda søgufrásøgn, lærdu at brúka tøkni sum lærufrøðiligt amboð. Somuleiðis fingi tey ástøðiliga vitan um, hvussu søgan á staðnum og mál og mentan kunnu miðlast, so tey geva fólkskúlanæmingum og børnum á dagstovni størri fatan fyri og innlit í sín egna samleika og sítt tilknýti til mentanina á staðnum.

Tilvísingar:

Bruner, J. 1996. *The Culture of Education*. Harvard University Press.

Miller, Carolyn Handler. 2014. *Digital storytelling. A creator guide to interactive entertainment*. Burlington: Focal Press. Kindle-útgáva.